

AUGLÝSING


um friðlýsingu hverastrýtna á botni Eyjafjarðar.

Að tillögu Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins hefur umhverfissráðherra í samráði við sjávarútvegsráðherra ákveðið að friðlýsa hverastrýtur á botni Eyjafjarðar á stað u.þ.b. 65°49,73 N; 18°06,69 V og næsta nágrenni þeirra sem náttúruvætti í samræmi við 2. tl., 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstakt náttúruyfyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtnanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastrýturnar eru staðsettar á u.þ.b. 65 m dýpi og nær önnur upp á u.þ.b. 33 m og hin upp á u.þ.b. 15 m dýpi. Sérstaða strýtnanna felst einnig í hæð þeirra sem er óvenju mikil.

Mörk náttúruvættisins eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og eru þau hringur með 200 m radíus út frá staðsetningu þess á botni Eyjafjarðar.

Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar



Kort: Hluti sjókorts nr. 57 Eyjafjörður. Birt með leyfi Sjósmælinga Íslands.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Togveiðar, netalagnir og línuveiðar eru bannaðar við náttúruvættið og á jaðarsvæði þess skv. markalýsingu hér að framan.
2. Rannsóknir og sýnataka í tengslum við þær er heimil að fengnu leyfi Náttúruverndar ríkisins.

3. Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær, en óheimilt er að hrófla við þeim eða valda á þeim spjöllum. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.
4. Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins. Köfurum er hins vegar bent á að kafa niður hjá ljósbauju sem komið er fyrir við strýturnar. Frá baujunni liggur band/tengilína sem fest er í næsta nágrenni kulnuðu strýtunnar.
5. Óheimilt er að setja hverskonar festingar eða merki við hverastrýturnar.
6. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins.
7. Til ráðuneytis um stjórn náttúruvættisins skal skipuð samráðsnefnd og tilnefna Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Hafnarsamlag Norðurlands, fulltrúi áhugakafara á Norðurlandi og Náttúruvernd ríkisins einn fulltrúa hver.

Náttúruvernd ríkisins getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfissráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Grenivík, 12. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.